



25. janúar 2024

Tilv.: 2302026

Dreifibréf nr.: 2/2024

Til viðskiptabanka, sparisjóða og lánaþyrirtækja

**Efni:** Mat á fylgni við EBA/GL/2019/04

## 1. Inngangur

Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands fylgist með að starfsemi eftirlitsskyldra aðila sé í samræmi við lög, reglugerðir, reglur eða samþykktir sem um starfsemina gilda og að starfsemin sé að öðru leyti í samræmi við eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti, sbr. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Með hliðsjón af framangreindu hlutverki fjármálaeftirlitsins og 1. mgr. 9. gr. laga nr. 87/1998 er óskað eftir eftirfarandi upplýsingum til að meta fylgni við kröfur laga og reglna.

## 2. Fylgni við EBA/GL/2019/04

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin (EBA) hefur gefið út viðmiðunarreglur um stjórnun áhættu vegna upplýsinga- og samskiptatækni og öryggisáhættu (e. ICT and security risk management, EBA/GL/2019/04).

Viðmiðunarreglurnar útfæra nánar 74. gr. tilskipunar 2013/36/ESB (CRDIV) og 95. gr. tilskipunar 2015/2366/ESB (PSD2) sem hafa verið innleiddar með lögum nr. 161/2002 um fjármálaþyrirtæki og lögum nr. 114/2021 um greiðsluþjónustu.

Viðmiðunarreglurnar setja fram lágmarkskröfur til fjármálaþyrirtækja um stjórnkerfi upplýsingaöryggis með það að markmiði að styrkja viðnámsprótt þeirra gegn alvarlegum rekstrarfrávikum, hvort sem þær orsakast af bilun í búnaði, netárásam eða öðrum ástæðum.

Í 25. tölulið viðmiðunarreglnanna kemur fram að fjármálaþyrirtæki skuli með reglubundnum hætti láta framkvæma úttekt af óháðum aðila á stjórnkerfi upplýsingaöryggis.

Fjármálaeftirlitið hefur ákveðið að óska eftir mati á fylgni við viðmiðunarreglurnar á stöðluðu formi sem skal skila í tengslum við úttekt óháðs aðila samkvæmt 25. tölulið viðmiðunarreglnanna.

## 3. Gögn

Búið hefur verið til nýtt skilatilvik í gagnskilakerfi Seðlabanka Íslands nefnt „Mat á fylgni við EBA/GL/2019/04“ sem inniheldur Excel skjal þar sem viðmiðunarreglurnar hafa verið

brotnar niður í raðir þar sem hægt er að setja inn viðeigandi upplýsingar fyrir hvert atriði sem óskað er eftir að sé skoðað í tengslum við fylgni við viðmiðunarreglurnar.

Fjármálaeftirlitið óskar eftir því að fyrir hverja röð í Excel skjalinu að:

- Fram komi hvenær atriðið var skoðað (skoðunartími).
- Niðurstöður úttektar er varða atriðið sé fyllt út, ef við á.
- Lýsing frávika frá kröfum sé útskýrð í stuttu máli, ef einhver frávik eru.
- Ábendingar eða athugasemdir sem snúa að atriðinu, séu einhverjar ábendingar eða athugasemdir.
- Mat úttektaraðilans á fylgni við þær kröfur sem röðin fjallar um sé valin.

Ítarlegri leiðbeiningar er að finna á þar til gerðri síðu í Excel skjalinu.

Fjármálaeftirlitið óskar eftir því að ofangreint skjal sé fyllt út miðað við fyrirbyggjandi gögn og skilað í gegnum gagnaskilakerfi Seðlabanka Íslands.

#### 4. Lokaorð

Tilgangur staðlaðs forms samkvæmt 2. kafla hér að framan er ekki að hinn óháði úttektaraðili samkvæmt 25. tölulíð viðmiðunarreglnanna breyti um aðferðafræði eða geri nýja úttekt, heldur einungis að úttekt við næstu skýrsluskil verði skilað á hinu staðlaða formi.

Boðað verður til kynningarfundar vegna þessa nýju skila sem verður auglýst síðar.

Athygli er vakin á áformum um lagasetningu um stafrænan viðnámsprótt fjármálamarkaðar, til innleiðingar á DORA-reglugerð ESB 2022/2554 hér á landi, ásamt tilheyrandi tæknistöðlum.

Kröfurnar sem koma fram í reglugerðinni um stafrænan viðnámsprótt fjármálamarkaðar verða líkar kröfum viðmiðunarreglna EBA/GL/2019/04 (ICT).

Þessi stöðluðu skil sem óskað er eftir eru hluti af því að auka skilvirkni í eftirliti með það að leiðarljósi að bæta viðnámsprótt fjármálakerfisins í heild.

Ef spurningar vakna vegna fyrirspurnarinnar er unnt að leita upplýsinga hjá undirrituðum, [olafur.hlynsson@sedlabanki.is](mailto:olafur.hlynsson@sedlabanki.is).

Virðingarfyllst,

SEÐLABANKI ÍSLANDS

Gísli Óttarsson  
framkvæmdarstjóri  
varúðareftirlit

Ólafur Hlynsson  
sérfræðingur  
varúðareftirlit

Fylgiskjal: EBA GL 2019 04.xlsx

